

Nd.

877. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. Ed. og hefir verið til athugunar hjá sjútn. Nd. Nefndin telur ákvæði 1. gr. frv. nauðsynleg meðan lög um skuldaskilasjóð vélbátá-eigenda ern í framkvæmd, og í annan stað verður að teljast nauðsynlegt, vegna veðhæfni veiðiskipa, að setja ákvæði um, að sjóveð geti eigi safnast á veiðiskip vegna venjulegs útgerðarkostnaðar, en eins og frv. þetta er komið frá hv. Ed. er þetta ekki nægilega tryggt. Leggur n. því til, að frv. þetta verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Á eftir orðunum „vegna úttektar á“ komi: vistum.
2. Við 4. gr. Við greinina bætist: enda haldi skipið til heimferðar frá úttektarstað án nokkurra tafa, og telst það eigi heimferð, ef skip stundar veiðar eftir að úttekt hefir farið fram.

Alþingi, 17. des. 1935.

Finnur Jónsson,
form., frsm.

Gísli Guðmundsson,
fundaskrifari.

Páll Þorbjörnsson.

Sigurður Kristjánsson.

Jóhann Þ. Jósefsson.